

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Prastargata 1-11, nr. 7b.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 16. maí 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags Fálkagötureita vegna lóðarinnar nr. 7b við Prastargötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir kvisti á norðurhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmgarður 34.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 11. maí 2018 breytingu á deiliskipulagi Bústaðahverfis vegna lóðarinnar nr. 34 við Hólmgarð. Í breytingunni felst að halda í núverandi geymsluhúsnæði á lóðinni og breyta grein 5.3.1. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 17. maí 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. maí 2018